



Fundargerð

Fimmtudaginn 2. febrúar 2012 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 12.30 á skrifstofu félagsþjónustunnar á Blönduósi.

Á fundinn voru mætt: Magnús Sigurðsson, Zophonías Ari Lárusson, Vignir Sveinsson, Magnús B. Jónsson og Auður H. Sigurðardóttir félagsmálastjóri.

Auk þess mættu á fundinn kl 13.30 Jón Óskar Pétursson og Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir til umfjöllunar um dagskrárliði 1 og 2.

Formaður stjórnar, Magnús Sigurðsson, setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Starfshlutfall vegna þjónustu við fatlaða

Fyrir var tekin sú breyting á fyrirhuguðum starfshlutföllum sem eru í þjónustu við fatlaða í A-Hún skv. þeim tillögum sem komið hafa frá verkefnastjóra málaflokksins hjá SSNV og framkvæmdastjóra SSNV. Samkvæmt þeim tillögum sem fyrir liggja er gert ráð fyrir að starfshlutfall sem Félags og skólaþjónusta A-Hún hefur til ráðgjafar við fatlaða verði lækkað úr samtals 90% starfshlutfalli í 50% starfshlutfall. Fyrir fundinum lá bréf framkvæmdastjóra SSNV þar sem kynnt er ákvörðun stjórnar um að niðurskurðinum hafi verið frestað um 6 mánuði en upphaflega hafði verið gert ráð fyrir að breyting á starfshlutfalli yrði gerð um áramót. Félagsmálastjóri fór yfir á hvaða forsendum tillögur um lækkun starfshlutfalls hafi verið byggðar sem hafi m.a. verið uppsögn Húnaþings vestra á ráðgjöf sem Félags og skólaþjónusta A-Hún hafi veitt fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra. Lækkun starfshlutfalls vegna þess hluta gæti verið um 25% en að öðru leyti sé um lækkun að ræða þar sem ekki þyki þörf á að veita ráðgjöf eða til samræmis við þjónustuhlutfall við fatlaða annarsstaðar.

Jón Óskar og Gréta Sjöfn mættu á fundinn kl 13.30. Þau greindu frá því að ekki væru forsendur til að draga þá ákvörðun til baka sem hafi verið kynnt stjórn SSNV við umfjöllun og samþykkt fjárhagsáætlunar SSNV. Mikil umræða varð um verkferla við ákvarðanatöku um breytingar á samstarfssamningum og forsendum rekstrar þjónustu við fatlaða.

Stjórnarmenn gagnrýndu þann framgangsmáta sem hafði verið á því máli sem var til umfjöllunar en Jón Óskar og Gréta Sjöfn skýrðu sína hlið málsins.

Ekki varð bein niðurstaða í málinu en félagsmálastjóra falið að taka saman frekari gögn um fjölda þjónustubega og þjónustubunga.

2. Skúlabraut 22, kaupsamningur

Fyrir fundinum lá kaupsamningur um eignina Skúlabraut 22, sambýli fatlaðra þar sem Félags- og skólaþjónusta A-Hún er kaupandi en Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs seljandi. Kaupverð er 14,5 milljónir króna. Einnig lá fyrir skuldabréfi fyrir öllu söluverðinu til 25 ára á 2% vöxtum.

Gréta Sjöfn skýrði nánar með hvaða hætti kaup sambýla fatlaðra hafa gengið fyrir sig og hvernig kaup og rekstur hafi verið fjármagnaður. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir leigu frá



leigjendum á sambyli en einnig innri leigu til að standa undir því sem út af stendur vegna viðhalds, fasteignatengdra gjalda og annars kostnaðar.

Stjórn ræddi fyrirleggjandi gögn og upplýsingar um fjárhagslegar forsendur og samþykkti að ganga að fyrirleggjandi kaupsamningi með fyrirvara um samþykki aðildarsveitarfélaga.

Skuldabréf vegna kaupanna sömuleiðis samþykkt með fyrirvara um samþykki aðildarsveitarfélaga.

3. Leiðbeinandi reglur um málefni fatlaðra

Félagsmálastjóri kynnti eftirfarandi leiðbeinandi reglur sem borist höfðu frá Velferðarráðuneytinu:

- um þjónustu stuðningsfjölskyldna fatlaðs fólks
- um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks
- um ferðaþjónustu við fatlað fólk

Félagsmálastjóri gerði sérstaka grein fyrir reglum um ferðaþjónustu við fatlaða sem taka þarf til endurskoðunar sem fyrst. Samþykkt að félagsmálastjóri vinni sérstakar reglur fyrir ferðaþjónustu í A-Hún en stefnt er að samhæfðum reglum fyrir allt þjónustusvæðið í hinum málaflokkunum.

4. Hnitbjörg

Fyrir fundinum lá minnisblað félagsmálastjóra um málefni Hnitbjarga.

a) Öryggismál.

Félagsmálastjóri óskaði afstöðu stjórnar um hvort Félags- og skólaþjónusta greiddi fyrir öryggishnappa sem íbúar eru með. Stjórn var sammála um að öryggishnappar væru ekki innifaldir í leigu fyrir íbúðirnar.

Umræður urðu um brunaviðvörðunarkerfi og að umsjónarmaður eigna hafi verið ræstur út í nokkrum tilfellum þegar viðvörðunarkerfi fara í gang vegna þess að íbúar hafa gleymt að slökkva á eldavél eða af hliðstæðum ástæðum. Rætt um möguleika á tímastillingum á þeim búnaði sem geti valdið eldi ef „gleymist“ að slökkva.

b) Umsjón fasteigna

Umræður urðu um hlutverk og skyldur umsjónarmanns fasteigna og var ákveðið að vinna frekari skilgreiningu á því.

c) Laus íbúð

Félagsmálastjóri greindi frá því að ein íbúð nr. 1.5 væri laus til umsóknar og hafi verið auglýst.

d) Sameiginlegt rými

Rætt var um ástand og fyrirkomulag í kjallara Hnitbjarga vegna ábendinga um að óskað hafi verið eftir lagfæringum vegna starfsemi félagsstarfs eldri borgara í því rými. Samþykkt að formaður og Zophonías Ari fari yfir óskir um úrbætur.



5. Önnur mál

Umræður urðu um upplýsingagjöf skjólstæðinga til félagsþjónustunnar. Félagsmálastjóri skýrði með hvaða hætti hún hafi verið og tilboð til þjónustuþega um að veita heimild fyrir einfaldari leið að upplýsingum í gegnum www.rsk.is

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 16.20

Magnús Sigurðsson,

Zophonías Ari Lárusson,

Vignir Sveinsson,

Auður H. Sigurðardóttir

Magnús B. Jónsson